

71. stjórnarfundur Bergrisans bs

18.03.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 14:00

Fundinn sátu: Fjola Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson og Elliði Vignisson. Ása Valdís Árnadóttir var fjarverandi

Úr þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Erna Harðar Sólveigardóttir.

Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson

Gestir undir fyrsta lið voru Ásta Stefánsdóttir og Hermann Sæmundsson

Dagskrá

1. Samningur við Sólheima

Nýr samningur um áframhaldandi þjónustu við fatlaða einstaklinga sem hafa búsetu á Sólheimum er lagður fyrir stjórn til kynningar og samþykktar. Ásta Stefánsdóttir og Hermann Sæmundsson komu inn á fundinn og kynntu samninginn. Stjórn samþykkir samningsdrögin og felur stjórnarformanni að ganga frá samningi og undirritun.

2. Aðgerðaráætlun um búsetu fatlaðs fólks (stofnun nýs úrræðis og Skaftholt)

Verkefnastjóri fór yfir aðgerðaráætlun um búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. M.a. kom fram eftirfarandi:

- Verkefnastjóri leggur til við stjórn að gengið verði til samninga við Skaftholt til tveggja ára og tekið verði mið af samningnum við Sólheima. Jafnframt að forsendur biðlista um búsetuúrræði taki mið af þessari tillögu.

- Verkefnastjóri leggur til að stjórn óski eftir samstarfi við Arnardrang hses. um uppbyggingu á sértæku húsnæðisúrræði á Hvolsvelli á árinu 2024 og er þá miðað við að þjónusta geti hafist á árinu 2025.

Stjórn samþykkir þessar tillögur og að verkefnastjóri vinni áfram að framlagðri aðgerðaráætlun.

3. Tillaga um endurgreiðslu v/þjónustu við skólabörn árið 2023

Bergisinn fékk viðbótarfjármagn vegna sértækrar þjónustu við fötluð börn í skólum árið 2023. Lögð er fram tillaga um að greiða áfram þetta viðbótarfjármagn til sveitarfélaganna og rúmast greiðslan innan afkomu ársins 2023. Greiður verða þá eftirfarandi:

Árborg kr. 163.495.944

Ölfus kr. 16.673.785

Hveragerðisbær kr. 4.802.818

Flóahreppur kr. 10.406.106

Rangárþing ytra kr. 4.642.725

Mýrdalshreppur kr. 15.425.852

Stjórn samþykkir að greiða skv. þessum lista

4. Uppjör vegna reksturs Fögrubrekku árið 2023(Sólheimar)

Borist hefur beiðni frá framkvæmdastjóra Sólheima ses um aukið rekstrarframlag vegna reksturs íbúðakjarna við Fögrubrekku á árinu 2023. Rekstrarhallinn nemur kr. 3.617.480 og kemur til vegna ófyrirséðra útgjalda vegna starfsmannamála.

Stjórn samþykkir þessa viðbótargreiðslu

5. Veiting prókúru til skrifstofustjóra

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bjarki R. Kristjánsson, kt. 111283-2149, verði prókúruhafi félagsins ásamt stjórnarformanni. Jafnframt er lagt til að önnur umboð verði afturkölluð

Stjórn samþykkir tillöguna

6. Ýmis rekstrarmál

Skrifstofustjóri fór yfir og kynnti hugmyndir og tillögur um frekari aðskilnað frá sveitarfélaginu Árborg í kerfum og rekstri, s.s. bókhaldi, launakerfi, lén og netföng, skjalakerfi, sharepoint svæði stjórnar og rafrænum undirskriftum. Jafnframt þarf að skoða birtingu á gæðahandbók

Skrifstofustjóri leggur jafnframt fyrir stjórn að ræða og ákveða hvort þörf þyki á að efla opinbera ásýnd Bergisans með ýmsum hætti, s.s.

- gera einkennismerki (logo) fyrir starfseminu, hvort sem er myndmerki eða orðmerki
- aukaorðmerki/slagorð fyrir starfseminu, hvort sem er hluti af aðaleinkennismerki eða sjálfstætt

Stjórn samþykkir að verkefnastjóri og skrifstofustjóri hafi heimild til að vinna að ofangreindu eins og þurfa þykir.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur áætlaður 15. apríl

Fundi slitið klukkan 15:00

Undirritunarsíða

Stjórnarformaður
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Anton Kári Halldórsson

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir